

Landsyfirrjettardómar 1896.

Mánudaginn 3. febrúarmánaðar.

Nr. 53/1895.

Rjettvísinn

gegn

Jens Hirti Lárussyni og

Jens Sæmundssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Dalasýslu uppkveðnum 8. júnímán. f. á. var hinn ákærði Jens Sæmundsson dæmdur samkvæmt 230. gr. sbr. 47., 53., 22. og 26. gr. almennra hegningarlaga í 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og hinn ákærði Jens Hjörtur Lárusson dæmdur samkvæmt 230. gr. sbr. 47., 22. og 26. gr. almennra hegningarlaga í 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi; svo voru þeir og dæmdir in solidum til að greiða allan málskostnað, þar með taldar 5 kr. til hins skipaða verjanda þeirra í hjeradi, hreppstjóra Hallgríms Jónssonar á Staðarfelli. Dómi þessum

hefir eptir ósk hinna ákærðu verið skotið til yfir dómsins.

Það er sannað með eigin játningu hins ákærða Jens Sæmundssonar og öðrum atvikum, er upplýst eru í málinu, að 27. maí 1894 um kvöldið kom meðákærði Jens Hjörtur að Stóru-Tungu, þar sem ákærði átti heima, og ljet ákærði þá Hjört fá upp í skuld 2 spýtur, er hann kvað húsbónda sinn hafa gefið sjer, og vissi Hjörtur ekki betur, en að svo væri, en spýtunum stal ákærði frá húsbónda sínum. Spýtur þessar voru á lengd, önnur 34 þuml., en hin 14 þuml., breidd á báðum 6 þuml. og þykkt $\frac{3}{4}$ þuml., og voru þær af eiganda þeirra taldar 40 aura virði, en regluleg virðing á þeim hefur eigi verið gjörð.

Það er einnig sannað með játningu beggja hinna ákærðu, að Jens Sæmundsson eggjaði meðákærða Jens Hjört, þegar hann var staddur heima hjá honum eitt sinn sama vor, á að koma að Stóru-Tungu og taka þar borðvið frá húsbónda sínum, og nokkru eptir, hinn 25. júní, kom Jens Hjörtur að Stóru-Tungu um nótt, og eggjaði Jens Sæmundsson, sem vakti þá einn yfir túninu á Stóru-Tungu, Jens Hjört á að taka 2 borð úr borðabunka, er húsbóndi hans átti þar. Ljet Jens Hjörtur tilleiðast að fara að fortölum hans, en tók þó að eins 1 borð og fór með það, og fylgdust báðir hinir ákærðu síðan að út fyrir túngarðinn. Jens Hjörtur komst þó ekki burtu með borðið, því að honum var að vörmu spori veitt eptirför af bóndanum í Stóru-Tungu, og sleppti hann þá

borðinu. Afbrot hins ákærða Jens Sæmundssonar, sem er fæddur 14. apríl 1878, heyrir undir 230. gr. og 53. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hegningin fyrir þau með skírskotun til 63., 38. og 22. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Afbrot hins ákærða Jens Hjartar Lárussonar, sem er fæddur 18. ágúst 1877, heyrir og undir 230. gr. almennra hegningarlaga, og ákveðst hegningin fyrir það með skírskotun til 38. gr. sömu laga 2 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað á undirrettardómurinn að vera óraskaður. Hinum ákærðu ber og að greiða in solidum allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Við rekstur málsins er það aðfinningarvert, að það sjest eigi af málskjölunum, að ákærðu eða hinum skipaða svaramanni þeirra hafi verið kunnugt fyrir fram, hve nær taka átti málið fyrir í síðara skiptið fyrir aukarjettinum (það skiptið er það var tekið undir dóm), enda er ekki innfært í dómsgjörðirnar eða látið fylgja málinu neitt skipunarbrjef fyrir svaramann hinna ákærðu eða tilkynningarbrjef sýslumannsins til hans um skipunina. Þó að nú hvorki svaramaður hinna ákærðu eða þeir sjálfir hafi mætt í nefndu rjettarhaldi, er málið var tekið undir dóm, þykir þó eigi vera næg ástæða til að ónýta dóminn fyrir þessar sakir, þar sem þó kom fram í rjettarhaldinu skrifleg vörn fyrir ákærðu af hálfu svaramanns þeirra, er

sýslumanni samkvæmt skýrslu hans fyrir rjettinum hafði borizt ásamt brjefi frá svaramanninum nokkrum dögum fyrir rjettarhaldið. Það athugast og, að undirdómarinn hefir ritað áfrýjunarstefnuna á eptirrit af dóminum, en eigi á dómsgjörðirnar, eins og átti að vera, og að dómsbirtingarvottorð stefnuvotta eru ekki í lögskipuðu formi. Að öðru leyti hefir rekstur málsins í hjeradi verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði Jens Sæmundsson sæti 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og Jens Hjörtur Lárusson sæti 2 daga fangelsi við vatn og brauð. Að öðru leyti á undirrjettardómurinn að vera óraskaður. Hinir ákærðu greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu laun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.